

74. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 16. janúar 2024, kl. 15:00 á fjarfundi.

**Mættir:** S. Guðrún Hauksdóttir formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Jón Kort Ólafsson, Katrín Freysdóttir, Íris Hauksdóttir, Ida Semey fulltrúi kennara, Hanna Valdís Hólmarsdóttir fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Formaður skólanefndar bauð Hönnu Valdísi, nýjan fulltrúa nemenda, velkomna.

## Dagskrá

### 1. Stefnumótun varðandi menningarmál

Þórarinn Hannesson mætti á fundinn undir þessum lið og kynnti menningarstefnu Menntaskólans á Tröllaskaga. Stefnan var endurskoðuð í lok janúar á síðasta ári og má finna hana á heimasíðu skólans. Umræður urðu um stefnuna og þá viðburði sem skólinn stendur fyrir og tengsl hans við menningarlíf.

### 2. Námsframboð skóla

Aðstoðarskólameistari fór yfir námsframboð skólans á vorönninni sem er hefðbundið, alls eru 59 áfangar kenndir og þar af eru 3 nýir áfangar. Það eru FÉLA2SG05 (samfélagsleg áhrif gervigreindar), KFRT2YÁ05 (kvikmyndir, yndisáhorf) og SÁLF3GS05 (geðsálfræði). Dóróþea spurðist fyrir um tölvuleikja- og rafíþróttakennslu sem hófst fyrir þremur árum. Lára svaraði því til að ekki hefði verið nægur áhugi fyrir tölvuleikjafræðinni og kennarinn sem kenndi kosið að kenna ekki lengur við skólann. Annað gildir um rafíþróttirnar sem hafa verið á dagskrá fram að þessu.

### 3. Niðurstaða náms á haustönn

Aðstoðarskólameistari fór yfir niðurstöður náms á haustönn 2023. Í upphafi annar voru 505 nemendur skráðir og þann 20. desember útskrifuðust 18, 7 af félags- og hugvísindabraut, 8 af kjörnámsbraut, 1 af listabraut myndlistarsviði, 1 af listabraut ljósmyndasviði og 1 af stúdentsbraut að loknu starfsnámi. Hafa þá 550 verið brautskráðir frá upphafi. Á haustönn skilaði skólinn 112 ársnemendum en á vorönn 2023 voru þeir 114. Ársnemar fjárhagsársins 2023 eru því 226. Meðaleinkunn allra námsgreina með tölueinkunn var 6,4 sem er svipað og hefur verið undanfarnar annir. Að meðaltali náði 81% nemenda áföngum sem er heldur hærra en annirnar á undan og brottfall 7% sem er minna en önnina á undan. Hópanýting var að meðaltali 97%.

### 4. Innritun, upphaf nýrrar annar

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir upphafi vorannar. Tveimur vikum eftir upphaf annar eru skráðir nemendur 557 og þar af 484 með skólann sem aðalskóla. Alls voru samþykktar 270 nýjar umsóknir og 24 umsóknum var hafnað. Fjarnemar eru 512.

### 5. Önnur mál

#### 5.1 Fjölgun ársnema

Skólameistari upplýsti að á fjárlögum hefur ársnemendum skólans verið fjölgað um 10. Er þeir því 220. Það er ánægjulegt en skólinn þarf í raun meira þar sem aðsókn að

honum er mikil. Umræður urðu um hvaða svigrúm skólinn hefur nú á þessu sviði.

### **5.2 Samræður við Grunnskóla Fjallabyggðar varðandi húsnæðismál og samstarf**

Skólameistari gerði grein fyrir því að í raun hefði lítið breyst í málinu frá síðasta fundi. Hann Valdís gerði grein fyrir sjónarmiðum nemenda sem komið hafa að umfjöllun um málið. Hún nefndi einnig að nemendafélagið hefði boðið nemendum 10. bekkjar á viðburð í skólanum til að kynna þeim skólann og félagsstarfið.

### **5.3 Grindavík - nemendur**

Skólameistari gerði grein fyrir stöðu Grindvíkinga í skólanum en 10 nemendur eru þaðan. Ákveðið hefur verið að koma til móts við þá í upphafi annar.

### **5.4 Fræðsluferðir starfsfólks**

Skólameistari lagði fram yfirlit yfir fræðsluferðir starfsfólks á vorönn sem eru margar. Flestar ferðirnar eru fjármagnaðar af Erasmus og KÍ. Hanna Valdís gerði grein fyrir viðhorfi nemenda gagnvart öllum þessum ferðum. Nemendur eru sáttir við fjarveru kennara en vilja að gott skipulag liggi fyrir um hvenær hægt er að ná í viðkomandi kennara. Lára svaraði því til að það verði gert. Ida sagði frá norrænu kennaraverkefni sem mögulega er framundan og því að nemandi héðan er nú að fara í fyrsta sinn í nám erlendis til lengri tíma.

### **5.5 Tröllaskagasetrið**

Dóróþea spurðist fyrir um Tröllaskagasetrið. Lára skólameistari gerði grein fyrir að verkefnið lægi í dvala sem stendur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:09.